



Efnahags- og viðskiptanefnd
b.t. formanns

Afrit:

Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra
Eyjólfur Ármannsson, innviðaráðherra
Guðmundur Ingi Kristinsson, mennta- og barnamálaráðherra

Reykjavík, 29. október 2025

Efni: Beiðni/umsögn við mál nr. 2 og breytingartillögu dagsett 17.10.2025

Innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) starfa meðal annars sérsambönd um akstursíþróttir, mótörhjólaíþróttir og snjósleðaíþróttir. Stjórnir þeirra sambanda, þ.e. Akstursíþróttasambands Íslands og Mótörhjóla- og snjósleðaíþróttasambands Íslands, hafa vakið athygli ÍSí á breytingum sem fyrirhugaðar eru um afnám undanþágu vörugjalda vegna innflutnings á keppnistækjum í ofangreindum íþróttum (sjá breytingartillögu dagsett 17.10.2025 málsnúmer FJR 25060076 við mál nr. 2 þskj. 2. Í þriðja kafla er að finna tillögu að breytingum á lögu um vörugjald af ökutækjum eldsneyti ofl., nr. 29/1993.).

Ofangreindar fyrirætlanir um afnám undanþágunnar hafa ekki verið bornar undir viðkomandi sérsambönd eða forystu íþróttahreyfingarinnar á neinu stigi og koma okkur öllum mjög í opna skjöldu.

Undanþágur hafa verið í gildi í áratugi, vandræðalaust. Þær hafa skilað sér í endurnýjun á keppnistækjum í íþróttunum og verið mikilvæg stoð í uppbyggingu íþróttagreina innan sambandanna. Ekki hafa orðið neinar breytingar í íþróttagreinunum sem gætu stutt slíka kúvendingu en ljóst er afnám undanþágunnar mun hafa gríðarlega mikil neikvæð áhrif á íþróttastarfið.

Málið snýst bæði um öryggismál og kostnað.

Öryggismál eru mjög stór áherslupáttur í öllum aksturs- og mótöríþróttum. Innflutningur á sérsmíðuðum keppnisbifreiðum og keppnisbifhjólum eykur öryggi í íþróttunum þar sem búnaðurinn sem fluttur er inn er smíðaður af aðilum erlendis sem hafa víðtæka reynslu í smíði slíks búnaðs, nota vottuð efni og uppfylla allar öryggiskröfur sem gerðar eru um búnaðinn. Með afnámi undanþágunnar þá yrði búnaðurinn hins vegar það dýr að það væri ekki á færi flestra keppenda að kaupa hann. Hætta er á að frekar verði gripið í heimasmiðuð keppnistæki, sem ekki hafa hlotið sömu vottanir og innflutt, ef kostnaður við innflutning verður óviðráðanlegur.

Keppnistækin er ekki að finna úti á almennum akvegum og eru ekki nýtt til einkanota í öðrum tilgangi en íþróttakeppni. Þetta eru sérhæfð keppnistæki sem nýtt eru til keppni í íþróttum á þar til gerðum brautum. Það er því erfitt að sjá hag í misnotkun á undanþágunni innan íþróttahreyfingarinnar.

Ef undanþáguákvæðið er misnotað af aðilum utan íþróttahreyfingarinnar, þá leggjum við til að sá möguleiki verði girtur af með öðum hætti en afnámi undanþágunnar. Íþróttahreyfingin er tilbúin að koma að þeirri, ef vilji er fyrir hendi.

Þess má geta að þróun í notkun umhverfisvænna orkugjafa í bifreiðum kemur að miklu leyti úr akstursíþróttum og hefur Alþjóðaaaksturssambandið FIA (Fédération Internationale de l'Automobile), sem að AKÍS er aðili að, verið leiðandi í notkun umhverfisvænna orkugjafa fyrir keppnistæki. Það verður sífellt algengara erlendis að keppnistæki séu knúin slíkum orkugjöfum. Vélar keppnistækja verða sífellt





minni og menga minna enda keppnir að stórum hluta til farnar að snúast um keppni í hagkvæmni með sem minnstu losun koltvísýrings CO₂)

Við fyrirhugaða breytingu þá nær þessi mikla tækniþróun mögulega ekki hingað til lands eða drægist í það minnsta verulega á langinn. Hérlandis yrði þá aftur í meira mæli notast við eldri heimasíðuð tæki sem að miðuðust ekki við fremstu tækni og umhverfissjónarmið, sem væri mikil afturför.

ÍSí vill með bréfi þessu vekja athygli á ofangreindu og þeirri stöðu sem íþróttir innan vébanda ÍSí standa frammi fyrir ef afnám undanþágunnar verður að veruleika með þeim hætti sem ætlað er. ÍSí lítur það alvarlegum augum að íslensk stjórnvöld hyggist, samráðslaut, fella niður áralangan stuðning til íþróttanna með þessum hætti. Hver einasta ívilnun í þágu íþróttar er afar mikilvæg þar sem íþróttastarfið í landinu er rekið í sjálfbærliðastarfi og reksturinn alltaf í járnum.

Óskað er eftir því að fallið verði frá þeim fyrirætlunum sem birtast í tillagðri breytingartillögu, rakið er og rökstutt hér í þessari umsögn, og myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir aksturs- og mótóríþróttir á Íslandi.

Við hjá ÍSí óskum jafnframt eftir fundi með aðilum um málið sem allra fyrst.

Virðingarfyllt,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Willum Þór Þórsson
forseti